

Nd.

76. Tillaga

til þingsályktunar um útborgun á launum embættismanna.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta greiða þeim embættismönnum, sem utan Reykjavíkur búa og þess óska, laun sín í því pósthúsi, sem þeim er hentugast.

Greinargerð.

Embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins, sem búa utan Reykjavíkur, er talsvert óhagræði að því að fá laun sín greidd hér. Þeir þurfa þá að hafa hér umboðsmenn og kosta talsverðu til, sumpart við að ráðstafa fénu hér og sumpart við að ná fénu til sín. Úr þessu ætti að vera auðvelt að bæta með því að láta pósthúsin borga út launin á réttum gjalddögum. Þessu mætti koma fyrir án verulegs kostnaðar eða óhagræðis.

Viljað getur til, að einstaka embættismaður utan Reykjavíkur vilji heldur fá laun sín greidd hér syðra, og því er rétt, að þeir menn, sem vilja fá þau greidd annarsstaðar, láti í ljós ósk um það.